

**Sp.**

**721. Tillaga**

til þingsályktunar um sölu á íslenskum afurðum í Danmörku.

Flm.: Jón Baldvinsson, Ólafur Thors, Jónas Jónsson, Hannes Jónsson,  
Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beina því til stjórnenda sildarbræðslu ríkisins að reyna að koma á fastri árlegri sölu á sildarafurðum í Danmörku.

**Greinargerð.**

Allt fram að 1914 keyptu Íslendingar að heita má flestallar vörur, sem hér á landi voru notaðar, í Danmörku, eða fyrir milligöngu danskra kaupmanna. Síðan hefir þetta breytt nokkuð, en þó er Danmörk einna hæst í innflutningi á vörum hingað til lands, en kaupir aðeins lítið eitt af íslenskum vörum. Við athugun á því, hvaða vörur helzt væri hægt að selja til Danmerkur og þar í landi mætti nota, telja flutningsmenn, að ihuguðu máli, að helzt gæti verið um sildarafurðir, svo sem sildarmjöl og sildarlýsi, að ræða.

Viðskipti Íslendinga við Dani eru mjög auðveld, góðar samgöngur milli landanna, löng viðkynning, og málakunnátta ekki til haga. En eins og nú hagar til í viðskiptum, getum við ekki haldið áfram miklum viðskiptum við þjóðir, er lítið eða ekki kaupa af oss. En af margvíslegum ástæðum er oss hentast að hafa sem mest viðskipti við nágrannaþjóðirnar, en þó því aðeins er oss mögulegt að kaupa vörur af þeim, að á móti komi kaup af þeirra hendi á íslenskum vörum.